

MOSFELLINGUR

4. tbl. 5. árg. föstudagur 17. mars 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.



Ljóm. Hilmar



Haraldur Ari og Elva fóru á kostum í hlutverkum sínum sem Danny og Sandy úr Grease söngleiknum.

Þemadagar í skólunum

Bæði Varmárskóli og Lágafellsskóli héldu sína árlegu þemadaga dagana 27. febrúar til 1. mars. Í Varmárskóla var þemað tvískipt. Hjá yngri deildinni voru þjóðsögur teknar fyrir en hjá eldri deildinni voru það hinir ýmsu söngleikir sem voru teknir fyrir. Þar má nefna Hárið, The Wall og Grease. Þemað hjá Lágafellsskóla var íslenskar þjóðsögur og settu nemendur upp kaffihúsið Tröllakaffi þar sem boðið var m.a. upp á Grýlukaffi, tröllaskonsur og huldufólkskökur. Allur ágóði kaffihússins rann óskiptur til vinaskóla Lágafellsskóla í Malaví. Á öskudaginn voru svo allir í grímubúningum sem varla hefur farið fram hjá öðrum bæjarbúum þann daginn.

EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Tröllateigur

NÝTT Á SKRÁ

182,2 m2 fullbúið endaraðhús á 2 hæðum á besta stað í Tröllateig
Verð kr. 44,9

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ


586 8080

www.fastmos.is

Sjá nánar
á bls. 3



Einar Páll Kjærnested
Lögfrófur fasteignasali



Gott úrval af góðum brauðum.

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustæði í fyrirtæki. Útvegunn búsíðugubla.



Car-o-tronic tilvæning



Töff, töff, töff

Börnin í bænum blómstruðu í grímubúningunum sínum á dögunum þegar þau röltu um miðbæinn í leit að góðgæti. Það var gaman að fylgjast með grislingunum öllum, hlaupandi á milli staða og syngjandi sig hása. Silvía Nótt var mikið á ferðinni með Eurovision-lagið sitt „Til hamingju Ísland“ ásamt fleiri kynlegum kvistum.

Í skólunum var kötturinn að sjálfsögðu sleginn úr tunnunni með tilheyrandi gusugangi. Innandyra var svo flutningur á afrakstri þemadaga. Skemmtilegt að breyta aðeins út af venjunni í skólanum og virkja krakkana í fleiru en bara náminu



sjálfu. Þarna var hellingur af hæfileikaríkum tónlistarmönnum, dönsurum, leikurum og svo mætti lengi telja.

Myndavélin var að sjálfsögðu með í för á þessum fallega degi sem kenndur er við

ösku og má sjá fjöldan allan af myndum á síðum blaðsins.

Mosfellingur heldur áfram að skyggast inn í líf áhugaverðra

LEIÐARI



Mosfellinga sem eru að gera góða hluti. Að þessu sinni er það ung og upprennandi stúlka að nafni Embla Ágústsdóttir sem tekin er tali. Embla er á 16. ári og hefur sankað að sér verðlaunum í sundinu með íþróttafélagi fatlaðra. Dugnaðurinn skín úr

augum hennar og þrátt fyrir fötlun sína tekur hún virkan þátt í félagslífinu með vinum sínum. Hörku-Mosfellingur hér á ferð sem vert er að fylgjast með í framtíðinni.

Hilmar Gunnarsson



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... þegar leikskólinn var í húsinu sem seinna fékk nafnið Rykvellir og margir muna eftir sem aðstöðu Björgunarsveitarinnar Kyndils. Efst til vinstri: Gunnhildur Hrólfsdóttir, Stefán Jóhannsson, Jóhanna Kjartansdóttir, Einar Sigurjónsson, Ingibjörg Lárusdóttir, Högni Fróðason, Unnur Karlsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Haraldsdóttir, Hjördís Kvaran Einarsdóttir, Harpa Birgisdóttir, Arndís G. Linn, Ragna Fróðadóttir, Ragnar Ragnarsson, Sigurjón Gunnlaugsson, Þórunn Lárusdóttir og Pálmi Linn. Myndin er tekin árið 1974.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

Blaðamenn og pistlahöfundar:

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson
Hanna Símonardóttir, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Prentun: Prentmet, prentað í 3000 eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 31. mars

Efni og auglýsingar þurfa að berast fyrir **27. mars**



Börnin
í bænum

Vinkonurnar Elísabet Sara Sigurðardóttir 7 ára, Ragnheiður Lilja Ívarsdóttir 6 ára og Silvía Sigurðardóttir 6 ára eru allar í Varmárskóla. Þær voru að leika sér á skólalóðinni þegar að blaðamaður Mosfellingar rakst á þær og fékk þær til að stilla sér svona flott upp fyrir

HEILRÆÐI Benna

Árni Sigurðsson skoraði á Bernharð Hreinsson að koma með heilræði.

Heilræði mitt er: Að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Málsháttur minn er: Þegar fingurinn bendir á tunglið horfir fíflíð á fingurinn (hef alltof oft lent í hlutverki fíflsins sjálfur)

Hjartans mál: Að meistaraflökkur Aftureldingar í handknattleik nái að tryggja sér sæti í efstu deild. Allir Mosfellingar á völinn í lokabaráttunni.

Benni skorar á Björn Bjarnason truckdriver og kúst-meistara að koma með næsta heilræði.





Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Fálkahöfði – 148 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallegt endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á stórrí hornlód í Höfðahverfinu. Í húsinu eru 3 svefnherbergi, rúmgóð stofa, sjónvarpshol, fallegt eldhús með borðkrók, baðherbergi m/kari og sturtu og gott þvottahús. Kirsberjainnréttingar og flísar á gólfum. Stórt hellulagt bílplan með snjóbræðslu og afgirtur garður. **Verð kr. 36,9 m.**



Fellsás – 285,5 m2 einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá að fá 285,5 m2 einbýlishús á sérlega fallegum útsýnisstað í hlóðum Helgafells í Mosfellsbæ. Húsið er á tveimur hæðum og ber merki arkitektsins, Vífils Magnússonar, augljós merki. Í húsinu er mjög stórt eldhús, stór stofa, sólskáli, 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sjónvarpshol. Á jarðhæð er stór tvöfaldur bílskúr og 70 m2 íbúðarrými, sem vel gæti nýst sem aukaíbúð, skrifstofa eða unglingaherbergi. **Verð kr. 54,0 m.**



Álmholt – efri sérhæð m/2f. bílskúr

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 142,8 m2 efri hæð ásamt 50 m2 tvöföldum bílskúr, með glæsilegu útsýni yfir Leirvoginn og að Esjunni. Fjögur góð svefnherbergi, eldhús m/borðkrók, stór stofa með kaminu og björt borðstofa, sjónvarpshol, baðherbergi og gestasalerni ásamt góðu þvottahúsi. Frábær staðsetning, neðst í botnlanga í grónu hverfi. Gönguleiðir, golfvöllur og hesthúsaðverfi í næsta nágrenni. **Verð kr. 36,7 m.**



Tröllateigur – 4ra herb.

Erum með stóra og bjarta 4ra herbergja endaíbúð í nýju fjölbýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2. hæð, en gengið er inn í íbúðina frá götu, en úr stofu er gengið út svalir með fallegu útsýni að Esjunni. 3 rúmgóð svefnherbergi, sér þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari. Hvíttað birki í öllum innréttingum, flísar á forstofu, baði og þvottahúsi, hnotu plastparket á öðrum gólfum. ****Verð kr. 24,9 m.****



Merkjateigur – 186,6 m2 einbýli

Fallegt einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum 46 m2 bílskúr í grónu hverfi í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, stórt miðrymi/fjölskyldurými, sér þvottahús og baðherbergi m/kari og sturtu. Húsið lítur vel út og fyrir framan húsið er fallegur suðurgarður. Bílplan er hellulagt m/snjóbræðslu. ****Verð kr. 38,5 m.****



Blikahöfði – 3ja herb + bílskúr.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallega 100,5 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í mjög snyrtilegu og velumgengnu fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Tvö góð svefnherbergi með eikarskápum, baðherbergi flisalagt í hólf og gólf, sér þvottahús, stór stofa og borðstofa og eldhús með fallegri eikarinnréttingu – eikarparket á gólfum. Íbúðinni fylgir 27,6 m2 bílskúr. Þetta er frábær staður og sundlaug ris nú í auglýsingu. Íbúðin er laus til afhendingar. **Verð kr. 25,5 m**



Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í einkasölu 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallar, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðal hæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innanlega í lóðinni og stórt og gott bílplan og mikill suðurgarður. ****Verð kr. 46,2 m.****



Skeljatangí – 3ja herb.

Erum með mjög falleg 84,9 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnangangi og sérgarði í barnvænu hverfi í Mosfellsbænum. 2 góð svefnherbergi, flisalagt baðherbergi, góð geymsla, rúmgóð stofa og flisalagt eldhús. Lítið barnaleiksvæði við húsið og mjög stutt í skóla og leikskóla. **Verð kr. 19,5 m.**



Þverholt – 3ja herb.

114,3 m2, 3ja herbergja íbúð á 3ja hæð í góðu fjölbýli í Mosfellsbæ. Þetta er stór og björt íbúð, 2 góð svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónah., baðherbergi með kari og sturtuklefa, sér þvottahúsi, rúmgóð stofa og eldhús með góðum borðkrók. Mögulegt væri að stúka af 3ja svefnherbergið. Suðursvalir og stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur verið laust strax. **Verð kr. 21,3 m.**



Miðholt – 3ja herb.

83,5 m2 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Mahony parket er á holi, stofu og tveimur svefnherbergjum, dúkur á baði og flísar á forstofu og þvottahúsi. Gott eldhús með borðkrók og flisaparketi á gólf. Þetta er falleg og björt íbúð miðsvæðis í Mosfellsbæ. Gott útsýni til norðurs að Esjunni og svalir í suður. **Verð kr. 17,4 m.**



Skeljatangí – 3ja herb.

84,9 m2, 3ja herbergja Permaform íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á barnvænum stað við Skeljatangí í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/sturtu, sér geymsla, björt stofa og eldhús. Húsið stendur í þyrpingu svipaðra húsa, í miðju hennar er lítið barnaleiksvæði. Tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu. **Verð kr. 19,3 m.**



Skeljatangí – 4ra herb.

Erum með fallega 94,2 m2, 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýlishúsi í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Þrjú góð svefnherbergi, lokað eldhús, góð stofa, baðherbergi og geymsla. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og gönguleið að húsi hellulögð með snjóbræðslu. Lágafellsskóli og leikskólinn Hulduberg er rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu. **Verð kr. 21,8 m.**

Fleiri eignir úr söluskrá

Prastarhöfði – 91,5 m2, 3ja herb + staði í bilageymslu. **Verð kr. 21,9 m.**

Furubyggð – 109,5 m2 raðhús – Til afhendingar strax. **Verð kr. 26,9 m.**

Tröllateigur – NÝ 120 m2 3ja herb. Íbúð + bilageymsla. **Verð kr. 28,9 m.**

Þverholt – 114 m2 íbúð á 2. hæð. **Verð kr. 20,3 m.**

Dvergholt – 123,3 m2 neðri sérhæð **Verð kr. 26,7 m.**

Urðarholt – 150 m2 atvinnuhúsnæði **Verð kr. 22,5 m.**

Byggingarlóðir undir 3 einbýlishús í Teigahverfi. **Verð kr. 52,0 m.**

Einbýlishúsallóð í Mosfellsdal, 1,2 ha lóð.



Hraustmenn í Klébergsskóla

Ungmennir í 9. og 10. bekk í Klébergsskóla tóku þátt í fitness keppninni Skólahreyfingunni nú á dögum. Árangur þeirra var góður og þau enduðu í öðru sæti í sínum riðli. Það veitir þeim þátttöku í að taka þátt í úrslitakeppninni sem verður haldin 2. apríl næstkomandi. Það voru þau Jóhann Ingi Guðbergsson, Sigurður Þorgeirsson, Kristbjörg Sigvaldadóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir sem kepptu fyrir hönd skólans og verða í eldlínunni í apríl. Varmáskóli tók einnig þátt í mótinu en komst þó ekki í úrslitakeppnina. Fimmta sætið náðist þó og er það ágætis árangur hjá krökkunum.

Framboðslisti Framsóknar

Framsóknarmenn voru ekki búnir að samþykka sinn lista þegar Mosfellingur birti lista frambjóðenda í síðasta blaði en nú er hann tilbúinn. Listinn er eftirfarandi:



1. Marteinn Magnússon
2. Helga Jóhannsdóttir
3. Óðinn Pétur Vigfússon
4. Halldóra M. Baldursdóttir
5. Eva Ómarsdóttir
6. Kristbjörg Þórisdóttir
7. Halla Karen Kristjánsdóttir
8. Ólafur Kárasen
9. Sigríður Sigurðardóttir
10. Leifur Kr. Jóhannesson
11. Kolbrún Haraldsdóttir
12. Eyjólfur Arni Rafnsson
13. Bryndís Bjarnarson
14. Þröstur Karlsson

Hringtorg í Kriкахverfið?

Á bæjarráðsfundi var ákveðið að setja fram tillögu að búið verði til fjögurra arma hringtorg í Kriкахverfinu til að tengja hverfið við Hafra-vatnsveg. Mosfellsbær mun fjármagna þátt Vegagerðarinnar þangað til að áætlun um hluta hennar verður tilbúin. Það virðist því vera á leiðinni enn eitt hringtorgið en fyrir eru þau fjölmörg og áberandi í bænum.



Breytt leiðakerfi Strætó bs

Litlar breytingar í Mosfellsbæ

Framundan eru breytingar á leiðakerfi Strætó sem munu bæta verulega þjónustuna við íbúa Mosfellsbæjar. Leiðakerfisbreytingin tekur gildi 5. mars næstkomandi og að sögn Ásgeirs Eiríkssonar, framkvæmdastjóra Strætó, er með breytingunni verið að sníða af hnökra sem komu í ljós þegar farið var að aka eftir leiðakerfinu sem tekið var í notkun síðastliðið sumar.

„Breytingarnar á leiðakerfinu sem senn taka gildi, grundvallast á athugasemdum viðskiptavina okkar og bílstjóra. Í nýja leiðakerfinu verður leiðum fjölgað um fjórar en litlar breytingar verða á þeim akstursleiðum sem snúa beint að Mosfellsbæ enda hefur ríkt mikil ánægja hjá Mosfell-ingum með þá þjónustubót er fékkst í fyrrasumar. Það er frábært hversu vel íbúar í Mosfellsbæ hafa tekið breytingunum og því til sönnunar er góð nýting kerfisins. Mikilvægi leiðar 15 hefur einnig aukist mikið eftir að Strætó bs hóf að bjóða ferðir upp á Akranes en Mosfellsbærinn er endastöð hennar.“

Umhverfissvænir strætisvagnar

Strætó bs. lætur umhverfismál mikið til sín taka og fyrirtækið hefur vakið athygli viðva um lönd fyrir að vera í fararbroddi hvað varðar umhverfissvænir akstur og fyrir skömmu birtist frétt á bandarísku sjónvarpsstöðinni ABC um tilraunir Strætó með akstur vetnisknúinna strætisvagna. Fréttin vakti það mikla

athygli og þótti það merkileg að nokkrir bandarískir sjónvarpsáhorfendur sáu ástæðu til þess að senda stjórnendum Strætó tölvupóst, þar sem þeir lýstu ánægju sinni með tilraunina og um leið áhyggjum yfir notkun orkugjafa sem eru mengandi fyrir umhverfið. En Strætó vill gera enn betur og nýverið hófst tilraunaakstur með tveimur strætisvögnum sem ganga fyrir innlendri orku, metangasi, sem verður til á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó, er afskaplega ánægður með nýju vagnana sem brenna eingöngu metangasi. „Almenningssamgöngur eru í eðli sínu umhverfissvænar, því þær draga úr notkun einkabíla. En við getum gert betur og því fagna ég þessari tilraun okkar með metangasið sem er orkugjafi sem verður til við niðurbrot á lífrænum úrgangi. Reyndar má segja að notkun metangassins hafi tvíþættan ávinning fyrir umhverfið. Í fyrsta lagi er metan gróðurhúsalofttegund og hefur mun meiri gróðurhúsaaðhrifen koltvísýringur. Nýting þess kemur því í veg fyrir að það berist út í andrúmsloftið og valdi þar gróðurhúsaaðhrifum.“

Sáralítill mengun

„Metangasið er einnig mun umhverfissvænna en hefðbundið bílaeldsneyti, því mælingar hafa sýnt að einn metangasbíll mengar jafn mikið og



Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó

113 bensín- og díselbílar. Það má tína meira til, því metanið er 30% ódýrara en bensín og dísel, þannig að rekstur metanbíla er mun hagkvæmari en gengur og gerist með bíla sem brenna hefðbundnu eldsneyti,” segir Ásgeir og bætir við að kraftur og vinnsla metanbíllanna séu ekki í neinu frábrugðin því sem er með aðra bíla.

Gasnotkun er hverfandi hér á landi og margir Íslendingar óttast gas, bæði sprengihættu og þau áhrif sem gasleki getur haft í för með sér. Ásgeir segir ekki ástæðu til þess að óttast metangasið: „Það er í raun mun hættuminna eldsneyti en bensín. Metan er ekki hættuleg lofttegund og er mun léttara en andrúmsloftið og gufar því hratt upp. Metan er lyktarlaust lofttegund en á lokastigi hreinsunarinnar er sett sérstakt lyktarefni saman við metanið til þess að öllum verði varir við leka, ef svo ólíklega fer að lagnir gefi sig. En metan er langt frá því eins eldfimt og bensín, þannig að metanið er mun hættuminna en það eldsneyti sem alla jafna er notað á bíla hérlandis.“

„Þótt Strætó sé nýfarið að nota metanbíla, hafa þeir verið í notkun hér á landi í nokkur misseri. Sorpa er til að mynda með 14 metanbíla í umferð og 12 önnur fyrirtæki reka nokkra metanbíla hvert. Engin óhöpp hafa orðið í þessum bílum sem rekja má til metangassins,” segir Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs að lokum.

Litir landsins

Ljósmyndasýning í listasalnum

Í Listasal Mosfellsbæjar stendur nú yfir ljósmyndasýning fimm ljósmyndara sem kalla sig Ljósbrota. Sýningin hófst 4. mars og stendur til 24. mars og er opin alla daga. Þess er gaman að geta að fjórir ljósmyndaranna eru búsettir í Mosfellsbæ. Á sýningunni eru 33 ljósmyndir teknar víða um landið og er óhætt að segja að ljósmyndunum takist að fanga fegurðina sem landið okkar býr yfir. Sýningin hefur fengið sérlega góða aðsókn og hefur verið vel af henni látið. Rétt er að geta þess að þetta er sölusýning. Nú er bara að skella sér í Listasalinn og njóta þess sem þar ber á góma.



Á myndunum má sjá glæð þetta sýningargesti á opnun sýningarinnar.

Ljósmyndararnir eru hér á neðstu myndinni til hægri.

Efri röð frá vinstri: Hallsteinn Magnússon, Sigrún Kristjánsdóttir og Pálmi Bjarnason. Neðri röð: Skúli Þór Magnússon og Pálmi Bjarnason.



Námskeið í skyndihjálpi

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands heldur námskeið í almennri skyndihjálpi fimmtudaginn 5. apríl n.k. kl. 18:00-22:00 að Urðarholti 4.

Á námskeiðinu læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálpi og endurlífgun.

Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálpi á slysstað.

Námskeiðsgjald er 4500 kr. og innifalið er skírteini sem staðfestir þátttöku.

Skráning í síma: 8986065

eða með tölvupósti bseh@mi.is



Börn og umhverfi

Börn og umhverfi er námskeið ætlað börnum 11 ára og eldri sem gæta yngri barna.

Kjósarsýsludeild RKÍ heldur námskeið dagana 27. 28. mars og 3. 4. mars (eitt námskeið)

Kennt verður frá kl. 17:00-20:00 að Urðarholti 4.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti varðandi umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slyshættur í umhverfinu ásamt kennslu í skyndihjálpi, að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða kross Íslands. Námsgjald er 5500 kr. Innifalið er námskeiðsgögn, bakpoki með skyndihjálparbúnaði og hressing. Einnig fá þátttakendur þátttökuskírteini.

Skráning í síma: 8986065

eða með tölvupósti bseh@mi.is



Mánaðarleg hádegistilboð



Kjúklinga Máltíð

2 Bítar, Salat, Franskar & Gos

650,-



Kjúklingaborgari

Kjúklingaborgari, Franskar & Gos

650,-



Zinger Twister

Zinger Twister, Franskar & Gos

650,-

KFC MOSFELLSBÆ

Mannabreytingar í nefndum

Bæði G-listinn og D-listinn hafa gert mannabreytingar á fulltrúum sínum í stjórnsýslu-nefndum bæjarins. Hjá G-listanum hefur Anna Sigríður Guðnadóttir tekið við af Kára Arnasyni Johnsen sem aðalfulltrúi í íþrótt- og tómstundanefnd. Í atvinnu- og ferðamálanefnd kemur Baldur Ingi Ólafsson inn sem aðalfulltrúi í staðinn fyrir Þuríði Pétursdóttur. Breytingar D-listans eru þær að Elísabet S. Ólafsdóttir lætur af störfum sem aðalfulltrúi í fræðslunefnd og við þeim tekur Jóhanna Hansen. Þá koma inn tveir nýir varamenn í fræðslunefnd og þeir eru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Ragnheiður Gunnarsdóttir.



Frjáls aðgangur að upprunnaettbók

Hestamannafélagið Hördur hefur fengið frjálsan aðgang að Worldfengur.com, upprunnaettbók íslenska hestsins. Félagsmenn Harðar eru þeir fyrstu á Íslandi sem fá frjálsan aðgang. Worldfengur.com er netvefur sem safnar upplýsingum um íslenska hesta. Þar má finna upplýsingar um ættartölur, afkvæmi, eigendur, kynbótamat og margt fleira. Í gagnagrunnum eru upplýsingar um hátt í þrjú hundruð þúsund hesta ásamt fjölmörgum ljósmyndum. Netslóðin er worldfengur.com.



Lúgan opnuð


Nú hefur verið tekin í notkun bílalúga í Snæland-sjoppunni. Óhætt er að segja að margir hafi beðið eftir þessari opnun enda kærkomið hjá öllum bílstjórum að geta rennt upp að henni í erli dagsins. Snæland-sjoppa er rötgróið fyrirtæki hér í bæ og hefur getið sér góðs orðs fyrir fjölbreytt úrval sætinda og affreyngaefnis í formi myndbandsspóla. Að sögn eigenda binda þau vonir við að bæjarbúar taki lúguninni fagnandi enda ekki ástæða til annars þar sem sérlega er vandað til alls frágangs hennar.

Dýrt að búa í Mosfellsbæ

Þann 25. janúar birtist frétt á vef Mosfellsbæjar (www.mos.is) þar sem fram kom að Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefði samþykkt breytingu fasteignagjalda fyrir árið 2006. Breytingin er á þann veg að fasteignaskattur íbúðahúsnæðis lækkar úr 0,36% í 0,265%, vatnsskattur lækkar úr 0,15% í 0,12%. Holræsagjald verður óbreytt 0,15%, lóðarleiga óbreytt 0,4% og sorphirðugjald kr. 9.700. Til glöggvunar má setja þetta upp í eftirfarandi töflu:



Þóroddur B. Sigurðsson



Eins og sjá má munar umtalsverðu á gjöldum til sveitarfélagsins vegna eignarinnar, eða um 23%, allt eftir því í hvoru sveitarfélaginu hún er staðsett. Það er því ekki einungis dýrara að búa í Mos-

	2006	2005	Skýring
Fasteignaskattur	0,265 %	0,36 %	af fasteignamati
Vatnsskattur	0,12 %	0,15 %	af fasteignamati
Holræsagjald	0,15 %	0,15 %	af fasteignamati
Lóðarleiga	0,4 %	0,4 %	af mati lóðar
Sorpgjald	kr. 9.700	kr. 9.200	árgjald pr. tunna

Í fljótu bragði mætti draga þá ályktun að ráðamenn séu með þessu móti að lækka þau gjöld sem lögð eru á húseigendur í Mosfellsbæ. Við nánari skoðun kemur því miður hið gagnstæða í ljós.

Fasteignamatríkisins (FMR) endurmetur allar fasteignir reglulega og forsundur fasteignagjalda fyrir árið 2006 hafa breyst frá því fasteignagjöld voru lögð á vegna ársins 2005. Sem dæmi má nefna að fyrir eign sem metin var á kr. 14.171.000 á árinu 2005 þurfti að greiða kr. 107.487 í fasteignagjöld. Fyrir sömu eign á árinu 2006 er stuðst við nýtt mat FMR, kr. 18.270.000, og skal í ár greiða kr. 113.620 í fasteignagjöld af eigninni. Hækkunin milli ára er kr. 6.133 eða 5,7 %.

Þegar fasteignagjöld í Mosfellsbæ og Reykjavík eru borin saman kemur í ljós að umrædd gjöld eru talsvert hærri í Mosfellsbæ. Ef sama eign er höfð til grundvallar álagningar fasteignagjalda árin 2005 og 2006 í Reykjavík annars vegar og Mosfellsbæ hins vegar kemur eftirfarandi í ljós:


Í Mosfellsbæ er í fyrsta heldur en líka dýrara að búa í Mosfellsbæ heldur en í Reykjavík. Að auki má nefna að í Reykjavík er boðið upp á svokallaðar grænar ruslatunnur sem tæmdar eru helmingi sjaldnar en þær svörtu og eru þar af leiðandi helmingi ódýrari í rekstri. Í Mosfellsbæ eru grænar tunnur ekki á boðstólnum.

Árið 2002 birti Pétur Guðmundsson grein á vef Félags eldri borgara (www.feb.is) þar sem hann segir: „Á kosningaári til sveitarstjórna er rétt að benda á þá staðreynd, að það mikilvægasta sem sveitarfélög geta gert til að hjálpa eldri borgurum til þess að búa áfram í eigin íbúð, er að lækka fasteignagjöld tekjulágara eldri borgara. ... Sveitarfélög eiga að veita öldruðum afslátt af fasteignagjöldum, og hjálpa þeim þar með til að búa áfram í eigin íbúð - það er þjóðhagslega hagkvæmt“. Í ljósi þess að fasteignaverð og -gjöld á höfuðborgarsvæðinu hafa hækkað umtalsvert á síðustu árum er óhætt að fullyrða að þrátt fyrir að þessi orð hafi átt vel við þegar þau voru rituð

eigi þau eins vel við í dag, ef ekki betur.

Þegar borinn er saman sá afsláttur af fasteignagjöldum sem Mosfellsbær annars vegar og Reykjavík hins vegar veita tekjulitlum örorku- og ellilífeyrisþegum sem búa í eigin húsnæði skýggir aftur á Mosfellinga í samanburðinum. Sem dæmi má nefna að einstaklingur í áðurnefndum hópi sem býr í Reykjavík má hafa allt að kr. 160.000 hærri árstekjur heldur en sá sem býr í Mosfellsbæ áður en til skerðingar hins tekjutengda afsláttis kemur.

Líkt og fram hefur komið eru fasteignagjöld samsett úr nokkrum gjaldaliðum og vegur fasteignaskatturinn þar þýngst, er t.d. um 43% af heildarfasteignagjöldum íbúðarinnar sem fyrr í grein þessari var notuð sem dæmi. Á kosningaári er forvitnilegt að skoða hvernig bæjaryfirvöld hafa hagað þessum málum á því kjörtímabili sem brátt tekur enda. Á eftirfarandi mynd má sjá samanburð á fasteignaskatti í Mosfellsbæ og Reykjavík frá 2002 - 2006.



Af þessari mynd af dæma mætti draga þá ályktun að eitt af fyrstu verkefnum þeirrar bæjarstjórnar sem komst til valda í Mosfellsbæ að vori árið 2002 (eftir að fasteignagjöld fyrir árið 2002 voru ákvörðuð af fyrri stjórn) hafi verið að hækka álögur á húseigendur. Þessi aukna byrði hefur svo haldist óbreytt þar til nú, aðeins fáum mánuðum áður en gengið skal til kosninga. Skyldi það vera tilviljun?

Heimildir: www.mos.is - www.rvk.is - www.feb.is

- Höfundur greiðir fasteignagjöld í Mosfellsbæ

Dagvinna Subway Mosfellsbæ

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 12-18, virka daga.

Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á sub-way.is eða á staðnum.

Nánari upplýsingar gefur Petra í síma 696-7009.



Hvar er sögusafnið?

Um þessar mundir eru stjórn-málafélög og framboðslistar um land allt að setja saman stefnuskrár sínar fyrir komandi kosningar og kjörtímabil. En á meðan kjósendur bíða eftir nýjum stefnuskrám er upplagt að skoða þær gömlu og líta á loforð og efndir.

Fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar lýstu sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ því yfir að þeir hygðust setja á stofn sögusafn, kæmust þeir til valda. Í stefnuskrá þeirra segir: „Við ætlum að koma upp sögusafni og friða þær minjar er varða sögu og menningu bæjarins. Ullariðnaðinum, stríðsárunum, ylræktinni og áhrifum þeirra á sögu Mosfellsbæjar verða gerð sérstök skil.“



Bjarki Bjarnason

Rifjar upp gömul kosninga loforð.



Margt mælir með slíku safni og þessi yfirlýsing átti vafalítið hljómgrunn meðal kjósenda í Mosfellsbæ. En eitthvað hefur lítið orðið úr efnudum á þessu kosningaloforði og nú, fjórum árum síðar, er spurt: Hvað varð um sögusafnið í Mosfellsbæ? Heyrir það sögunni til?

FORMÚLAN AÐ VELGENGNI: $1+1=3$


Stundum virðist okkur velgengni byggjast á kraftaverki. Ótrúlegur árangur getur virkað óskiljanlegur, það er eins og eitthvað hafi orðið til úr engu. En þannig er þetta ekki. Varanleg velgengni á sér alltaf skýringar.

Á sviði fjármála kallar velgengni á yfirsýn og þekkingu sem gerir skjótar – og réttar – ákvarðanir mögulegar. Samfelldur vöxtur byggir á röð af slíkum ákvörðunum.

Útkoman getur verið kraftaverki líkust, en fyrir okkur er hún eðlilegasti hlutur í heimi.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

Íslandsbanki og 7 dótturfyrirtæki og starfsstöðvar heima og erlendis hafa sameinast undir einu nafni – Glitnir. Nýtt nafn og samræmd ásjón mun auðvelda okkur að skapa fleiri tækifæri fyrir viðskiptavinum okkar.



GLITNIR

Alhliða trésmíðavinna í Flugumýri

Þorsteinn Theodórsson byggingameistari opnaði um áramótin nýtt fyrirtæki í Flugumýri 24. Þar tekur Þorsteinn að sér ýmsa trésmíðavinnu. Þorsteinn var með fyrirtæki á Bíldshöfðanum í Reykjavík en seldi það og flutti sig um setur upp í Flugumýri. Fyrirtækið hans smíðaði mikið af skrifstofutengdum húsgögnum og þar má nefna allt inn í Alþingishúsið. Þorsteinn hefur búið í Mosfellsbæ síðustu 12 árin og unir sér vel í bænum. Hann getur tekið að sér ýmisleg verkefni og býr til tilboð fyrir viðskiptavinum. Þegar Mosfellingur kom í heimsókn var Þorsteinn önnur kafinn við að smíða garðskúr og hafði þá nýlega lokið við að setja saman innréttingar.



Hulduberg stækkar

Leikskólinn Hulduberg getur nú vistað 142 börn samtímis.

Við leikskólann Hulduberg í Mosfellsbæ voru tvær leikskóladeildir teknar til notkunar s.l. föstudag. Hulduberg er því núna með sex leikskóladeildir og getur vistað 142 börn samtímis. Að auki er í Huldubergi 5 ára leikskóladeild sem er starfrækt í samstarfi við Lágafellsskóla. Hulduberg leggur áherslu á að vera vistvænn leikskóli og er um þessar mundir að óska eftir Grænfánanum sem er alþjóðlegt verkefni sem snýr að umhverfismálum í leik- og grunnskólum. Starfsmenn í Huldubergi eru um 40 og leikskólastjóri er Þuríður Stefánsdóttir.



Fyrir kosningarnar 2002 staðhæfðu sjálfstæðismenn í stefnuskrá sinni:

- ✓ Við ætlum að gera Hafravatnssvæðið að útivistarparadís fyrir almenna útivist og vatnaþróttir.
- ✓ Við ætlum að gera úttekt á möguleikum á nýtingu Skammadalssvæðis.
- ✓ Við ætlum að finna stað fyrir nýtt hesthúsaðverfi.
- ✓ Við ætlum að tryggja framtíðaraðstöðu fyrir smábáta.
- ✓ Við ætlum að markaðssetja sérstöðu bæjarins gagnvart fyrirtækjum, ferðamönnum og íbúum.
- ✓ Við ætlum að gera Mosfellsbæ að þekkingarbæ með því að virkja auðlindir okkar, þ.e. fólkið, náttúruna, söguna, menninguna og reynsluna.
- ✓ Við ætlum að hefja á viðeigandi stað í Mosfellsbæ byggingu menningarhúss fyrir alla starfsemi menningar og lista.
- ✓ Við ætlum að koma upp sögusafni og friða þær minjar er varða sögu og menningu bæjarins. Ullariðnaðinum, stríðsárunum, ylrættinni og áhrifum þeirra á sögu Mosfellsveitar verða gerð sérstök skil.
- ✓ Við ætlum að hrinda stefnumótun um Laxnesssetur í framkvæmd.
- ✓ Við ætlum að starfa í anda Staðardagskrár 21.

Við látum lesendum Mosfellinga eftir að vega og meta efndirnar en spyrjum: hvar er menningarhúsið, sögusafnið, Laxnesssetrið, smábátaaðstaðan og aðstaðan fyrir vatnaþróttir við Hafravatn?

VINSTRI-GRÆNIR Í MOSFELLSBÆ



Bæjarbúar vilja hjúkrunarheimili



Siv Friðleifsdóttir tekur við listanum úr höndum Salóme Þorkelsdóttur

Í febrúar var sett af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað var á heilbrigðisráðherra að hér verði byggt hjúkrunarheimili. Það var kvenfélag Lágafellssóknar sem stóð fyrir söfnuninni og á listann skráðu sig tæplega 2500 manns. Listinn var afhentur Siv Friðleifsdóttur ráðherra þann 9. mars síðastliðinn en bærinn hefur sótt um leyfi til byggingar á hverju ári síðastliðinn áratug en ávallt án

árangurs. Það var Salóme Þorkelsdóttir sem afhenti undirskriftarlistana fyrir hönd Mosfellinga en aðal drifkraftur og forspakki undirskriftasöfnunarinnar er Guðrún Hafsteinsdóttir fyrrverandi kennari. Þar sem fólksfjöldi bæjarins eykst mikið á hverju ári, vex þörf fyrir hjúkrunarheimili fyrir eldra fólkið. Það er vonandi að ráðherra bregðist sem fyrst við þessari áskorun bæjarbúa og að framkvæmdir hefjist

Viltu gefa af sjálfum þér?

Námskeið fyrir heimsóknarvini Rauða krossins verður haldið
að Urðarholti 4, Mosfellsbæ, fimmtudaginn 6. apríl 2006, frá kl.18:00-21:30

Heimsóknarvinir eru hópur sjálfbóðaliða sem fer í heimsóknir til
gestgjafa sinna einu sinni í viku, í um eina klukkustund í senn.
Þeir vinna af trúmennsku og eru bundnir þagnarskyldu.

Námskeiðið er ókeypis og öllum opið

Skráning og allar nánari upplýsingar í síma 898-6065
eða á kjosarsysla@redcross.is



Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

SUMARVINNA 2006

Hjúkrun og aðhlynning aldraðra

Hjúkrunarfræðingur óskast til til starfa,
starfshlutfall samkomulag, bakvaktir.
Sjúkraliðar óskast til starfa, starfshlutfall
samkomulag.
Starfsmenn óskast til aðhlynningarstarfa,
starfshlutfall, samkomulag
Um er að ræða störf við hjúkrun og
aðhlynningu aldraðra. Vaktavinna, en
vaktaskipti eru að öllu jöfnu kl 08:00,
16:00 og 24:00. Unnið er aðra hverja helgi.

Starfsmaður óskast í eldhús Víðiness

- til vetrar- og sumarafleysinga
Um er að ræða 100% starf.
Unnið er á 11 st. vöktum, kl 08:00-19:00.
Unnið í 2 daga síðan frí í 2 daga og frí aðra
hverja helgi í 3 daga. Reynsla æskileg.

Góður vinnuandi !!!

Víðines hjúkrunarheimili aldraðra er staðsett á
fallegum og friðsælum stað u.þ.b. 10 km fyrir utan
Mosfellsbæ. Á heimilinu búa 38 heimilismenn á
tveimur hjúkrunardeildum.
Við viljum leggja áherslu á heimilislegt umhverfi
og að starfsmenn tileinki sér jákvætt
hugarfar til starfsins. Heimilisköttur býr á heimilinu.

Bifreiðastyrkur er greiddur samkvæmt
reglum þar um.

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri,
Borghildur Ragnarsdóttir,
í síma: 563 8801 eða GSM: 862 5470
netfang: vidines.borghildur@simnet.is

Var vatnshrædd áður en ég byrjaði að æfa

Embla Ágústdóttir er ung stúlka hér í bæ sem hefur verið gert góða hluti í íþróttahæminum. Embla æfir sund með Íþróttafélagi fatlaðra (IFR) þar sem hún hefur verið afar sigursæl í sínum flokki upp á síðkastið. Hún er í landsliðinu og var nú síðast að keppa í Esbjerg í Danmörku og kom heim með tvenn gullverðlaun og eitt silfur. Þar á undan keppti hún á móti í Malmö í Svíþjóð og þar hreppti stúlkan fimm gullverðlaun. Sem stendur er Embla í sjöunda sæti á heimslistanum í skriðsundi og í því fimmta í bringusundi. Árangur hennar er afar glæsilegur en Embla hóf að æfa sund árið 2000 og var þá fyrst lengi vel aðeins að æfa baksund. Það er einungis rúmt eitt ár síðan að hún byrjaði að æfa skriðsund og fer nánast beint inn á heimslistann.

Horfði á Kristínu Rós og ákvað að prófa

Embla fylgdist með Ólympíuleikunum árið 2000 í sjónvarpinu þegar Kristín Rós sundkona var að keppa og eftir það ákvað Embla að prófa sundið. Embla var vatnshrædd áður en hún byrjaði að æfa en lét það ekki á sig fá og árangurinn stendur ekki á sér. Nú stefnir Embla á mót í Sheffield í Englandi í sumar og einnig stórmót sem haldið verður í Suður-Afríku í desember. Eitt langtímamarkmið hennar er svo að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Kína árið 2008. Embla verður 16 ára gömul í sumar og því er nægur tími framundan til þess að bæta sig og verða enn sterkari sundkona. Flestir þeir sem hún hefur verið að keppa við á mótum erlendis eru eldri en hún og með meiri reynslu. Það verður því áhugavert að fylgjast með Emblu á komandi árum enda mikið af hæfileikum hjá þessari ungu stúlku. Mosfellingur fór í heimsókn til Emblu í Hamratangann og spjallaði við hana.

Í hvaða skóla ertu?


Ég er í Varmárskóla og er að klára hann núna í vor. Samræmdu prófin eru framundan. Ég fer sennilega í Borgarholtsskóla í haust. Mér lýst ágætlega á skólann og svo eru nokkrar vinkonur mínar á leið þangað sem að gerir skólann meira freistandi.

Hvaða fag er skemmtilegast í skólanum?

Það er félagsfræðin.

Á hvaða nám stefnir þú á í framtíðinni?

Það er frekar óljóst ennþá en mig langar mikið til að læra leiklist, kvikmyndagerð eða eitthvað íþróttatengt. Það fer bara allur tíminn núna í sundið og því hef ég lítið verið að velta þessu fyrir mér.



Embla með gullin frá Svíþjóð

Hversu lengi hefur þú verið að æfa sund?

Ég byrjaði að æfa sund árið 2000 en var lengi að koma mér í gang. Ég byrjaði ekki strax að æfa á fullu því ég þurfti fyrst að læra að synda, hætta að notast við kúta og froskalappir og svoleiðis. Ég byrjaði ekki að æfa af neinni alvöru fyrr en um áramótin 2004-2005.

Hversu oft æfir þú í viku?


Ég æfi sex sinnum í viku. Ég er að spá í að bæta við æfingum á morgnana líka til þess að halda mér í formi og til þess að halda mér í landsliðinu. Maður verður að vera með 90% mætingarskyldu í landsliðinu annars fær maður ekki að keppa fyrir hönd Íslands.

Í hvaða greinum ertu að keppa í?

Ég keppi mest í 50 og 100m skriðsundi og 50m bringusundi en baksundið er svona á gráu svæði. Þjálfarinn minn vill að ég haldi áfram í baksundinu. Mig langar mikið til þess að fara að keppa í þrisundi og ætla mér að æfa baksundið í sumar til þess að taka þátt í því. Þrisund er þannig að þá er skipt um sundstíl eftir hverja 50 metra og þá er það bringu, skrið og baksund sem keppt er í.

Hvaða grein er skemmtilegust?


50 metra skriðsund er skemmtilegast. Það er hvorki of langt né of stutt og þar skipta sekúndurnar svo miklu máli. Ég var svolítið fúl á mótinu um helgina því að mig vantaði bara tvær



Embla æfir sund sex sinnum í viku og árangurinn hefur ekki látið á sér standa



Myndarlegt verðlaunasafn hjá Emblu sem á framtíðina fyrir sér í sundíþróttinni



sekúndur upp á tímann til þess að ná þeirri sem er í sjötta sæti á heimslistanum.

Eru fleiri íþróttir sem heilla þig?

Já, já en í dag snýst allt mitt líf um sund þannig að það er lítil tími fyrir annað. Mér þykir gaman að fylgjast með frjálsíþróttum í sjónvarpinu

Hver eru áhugamál þín fyrir utan sundið?

Leiklist, tónlist, söngur og kvikmyndagerð. Þegar ég var lítil var ég mikið á leiklistar- og söngnámskeiðum sem var mjög skemmtilegt.

Uppáhaldstónlist?

Ég hlusta á mjög fjölbreytta tónlist en róleg popptónlist eins og Norah Jones er í uppáhaldi. Vinur minn er alltaf að láta mig hlusta á Metallica og fyrst gat ég það ekki en svo fór ég að fýla eitt og eitt lag með þeim. Ég er samt meira fyrir rólegri tónlist.

Hver er uppáhaldsmat-urinn þinn?

Það er fasaní, pabbi minn er rosalega duglegur að elda svona skritinn mat. Ég bið hann alltaf um fasana á áramótum og svoleiðis. Hann eldaði einu sinni kanínu og lét mig ekkert

vita fyrr en eftir á. Kjötið var ágætt en ég átti einu sinni kanínu þegar ég var yngri og því fannst mér það dálítið ógeðslegt!

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?

Ég veit það ekki, vera í sundinu eins lengi og ég get. Það væri skemmtilegt að vinna við leiklistina, kvikmyndagerð eða eitthvað í þeim dúr.

Áttu þér einhverja fyrirmynd?

Það er engin sértök fyrirmynd, það er fullt af fólki sem hefur áhrif og ég lít upp til en engin svona ein sérstök persóna. Fjölskyldan og vinir náttúrulega þau helstu.

Ef þú fengir að ráða yfir Íslandi, hvert væri þitt fyrsta verk?

...ráða yfir Íslandi? Ég veit það ekki. Ég gæti ekki ákveðið það á þremur mínútum. Ég þyfti nú að hugsa það betur og lengur en það!



Gústi Linn

heimsótti unga og uppnemandi sundkonu á dögnum agust@mosfellingur.is

Frábær árangur í stærðfræði

Stærðfræðikeppni grunnskóla- nema var haldin í fyrsta sinn árið 1998. Keppnin er fyrir nemendur í 8. 9. og 10. bekk og er markmiðið að vekja áhuga þeirra á stærðfræðinni og hvetja þá til dádá. Verkefni sem lögð eru fyrir nemendur eru annars eðlis en þau verkefni sem þeir fást við daglega í skólanum. Þau eru erfið og er talið gott ef nemendur leysa 40-50% verkefnanna.

Keppnin er einstaklingskeppni og fær enginn að vita um niðurstöðurnar nema nemandinn sjálfur. Keppnin er þrískipt þannig að nemendur keppa aðeins við jafnaldra sína.

Þeir tíu efstu í hverjum árgangi fá viðurkenningar og þrír þeir efstu fá auk þess vegleg verðlaun. Þeir 10 efstu í 10. bekk fá auk þess boð um setu í Menntaskólanum við Sund endurgjaldslaust.

Í ár var áhugi fyrir keppninni mikill. Alls tóku um 200 nemendur þátt í keppninni af höfuðborgarsvæðinu. Varmárskóli hefur undanfarin ár tekið þátt í þessari keppni og nemendur staðið sig með stakri þrýði. Í ár fengu tóku 38 nemendur úr Varmárskóla þátt og fengu tveir úr hverjum árgangi viðurkenningar.

Verðlaun og viðurkenningar voru afhentar við hátíðlega athöfn í Menntaskólanum við Sund 22. mars. Niðurstöður voru þær að þau



Lára Björg Haraldsdóttir og Tinna Hallsdóttir úr 8. bekk og Sindri Jarlson úr 10. bekk fengu viðurkenningar, en verðlaunasæti hlutu: Valgeir Örn Kristjónsson 10. bekk 1. sæti, Árni Johnsen 9. bekk 1. sæti, Stefán Óli Jónsson 9. bekk 3. sæti.

Allir nemendurnir sem tóku þátt í keppninni voru skólanum til sóma og óskum við þeim til hamingju með frábæran árangur. Virðist sem hugmyndasmiðir keppinnar hafi náð markmiði sínu. Áhugi á stærðfræði er orðinn mikill og fer vaxandi.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is



Vantar hljóðmön

Íbúi í Hamratanga átti spjall við Mosfelling og vildi koma eftirfarandi á framfæri:

Er ekki hægt að setja hljóðmön eða álíka grindverk til þess að koma í veg fyrir hljóðmengun sem berst frá Vesturlandsveginum í átt að Hamratanga og Hlíðahverfinu? Hljóð frá hverjum einasta bíl sem þar fer hjá glymur yfir allt hverfið. Þetta er aðalgatan út úr bænum svo þaðan er stanslaus hávaði. Það gæti vel verið sett meðfram veginum svipuð mön eða grindverk eins og þeir í Teigahverfinu hafa. Svona grindverk myndi gera svakalega mikið fyrir allt hverfið og losa okkur hér í hverfinu við töluverða hljóðmengun.

Íbúi í Hamratanga



Skólavefurinn býður 7 daga kynningaráskrift að vefnum út mars.

Þú skráir þig hjá okkur og hefur 7 daga til að ákveða hvort þú viljir vera í áskrift.

Kynntu þér málið betur á www.skolavefurinn.is

Skólavefurinn ehf.
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími: 551 6400
skolavefurinn@skolavefurinn.is

Náms- og fræðsluefni fyrir
Leikskóla - Grunnskóla - Framhaldsskóla - Heimili

Danska	Bókmenntir og lestur
Enska	Ljóð
Íslenska	Málfræði
Stærðfræði	Stafsetning
Gagnvirk samræmd próf	Kristniðfræði
Gagnvirkar æfingar	Landfræði
Útprentanlegt efni og verkefni	Náttúrufræði
Sögur	Saga
Upplestur	Samfélagsfræði
Leikir	
Krossgátur	
Margmiðun	
Vefsíðunarp	



Handverksfélagið á 5 ára afmæli

Handverksfélag Mosfellsbæjar er 5 ára um þessar mundir. Af því tilefni verður vinnuáðstaða félagsins að Háholti 25 til sýnis frá kl.12-19 sunnudaginn 19. mars. Handverkskonurnar hafa verið duglegar að koma saman síðustu árin og útbúa ýmsan varning. Ýmislegt ber á að líta í húsakynnum þeirra á þessum tímamótum. Allir eru velkomnir að kíkja við hjá þeim stöllum á laugardaginn og sjá handverk þeirra og þiggja kaffisopa.



Botnlaust fjör hjá Lúðrasveitinni


Árlegir tónleikar Skólahljóm-sveitar Mosfellsbæjar voru haldnir í Íþróttamiðstöðinni að Varmá á sunnudaginn var. Að vanda var fjölmennt og tónleikarnir hin besta skemmtun. Það voru þrjár sveitir hljómsveitarinnar skipaðar yngri og eldri nemendum sem léku af stakri þrýði undir stjórn Birgis D. Sveinssonar, Daða Þórs Einarssonar sem einnig var kynnr á tónleikunum, Daniels Friðjónssonar, Jóns Guðmundssonar, Sveins Birgissonar og Þorkels Jónssonar. Óhátt er að segja að enginn ljóður hafi verið á tónleikunum.

Veistu svarið?

- 1 Hvenær verða næstu bæjarstjórnarkosningarnar?
- 2 Hver er bæjarlistamaður Mosfellsbæjar í ár?
- 3 Hvað heitir leikritið sem leikfélag Mosfellssveitar sýnir um þessar mundir?

Svör: 1. 27. maí 2006, 2. Simon H. Jónsson, 3. Í þeirri

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Hvíldartími þreytttra mæðra í Hlaðgerðarkoti

Á þessum árstíma eru margir farnir að láta sig dreyma um sumarfrí og ferðalög innanlands eða út fyrir landsteinana. Flestir eiga marga kosta vól og sumum reynist erfitt að velja og hafna þegar auglýsingabæklingar eru skoðaðir. En skyldu margir leiða hugann að því hvað stutt er síðan alþýða manna átti þess kost að líta upp frá daglegu amstri og fara í sumarfrí?

Á fyrri hluta aldarinnar sem leið áttu fæstar mæður þess kost að taka sér frí frá striti og barnauppleði. Í apríl 1928 var stofnað til félagsskapar sem kallaður var mæðrastyrksnefnd og nokkrum árum seinna var ákveðið að helga íslenskum mæðrum einn dag á ári og var til þess valinn fjórði sunnudagur í maí. Var með ýmsum hætti reynt að gera daginn hátíðlegan og fljótlega var byrjað að selja mæðrablómíð í fjárfélagarskyni fyrir nefndina sem m.a. notaði hagnaðinn til þess að bjóða þreyttum mæðrum til dvalar í eina viku á Laugarvatni þeim að kostnaðarlausu. Var það gert í fyrsta sinn árið 1934. Upp frá því fór þessi hvíldar- og hressingarstarfsemi mæðrastyrksnefndar fram á ýmsum stöðum en árið 1953 keypti nefndin land undir hús í landi Reykjahliðar í Mosfellssveit og hóf að reisa þar 400 fermetra sumardvalarheimili fyrir mæður og börn þeirra. Byggingin var fornlega tekin í notkun sumarið 1956 og hlaut þá nafnið Hlaðgerðarkot eftir býlinu sem þar var. Forstöðukona var Jónína Guðmundsdóttir og með henni störf-



uðu matráðskona, aðstoðarstúlka, barnfóstra og ræstingarstúlka. Var hvíldarheimilið starfrækt yfir sumarmánuðina en á vetrum var húsið leigt Reykjavíkurborg til skólalálds.

Frá sumrinu 1956 dvöldust mæður með börn sín í um 15 daga í Hlaðgerðarkoti og auk þess var svokölluð sæluvika á hverju sumri fyrir rosknar konur sem flestar voru einstæðingar. Sem dæmi má taka sumarið 1967. Þá dvöldust á staðnum yfir sumarmánuðina 53 konur með 136 börn og 24 konur á sæluvikunni. Höfðu þá frá upphafi 1700 mæður dvalist þar og yfir 6 þúsund börn.

Árið 1963 lýsti kona nokkur dvöl sinni í Hlaðgerðarkoti í viðtali við Morgunblaðið á eftirfarandi hátt: „Við gættum barnanna á daginn og fórum með þau út. Svo settumst við að matarborðinu og er það mikil tilbreyting, eftir að hafa staðið í matseld á hverjum degi í fjöldamörg ár. Við gáfum börnunum fyrst að borða, síðan sendum við þau út og snæddum í

ró og næði og drukkum kaffisopa á eftir. Á kvöldin voru kvöldvökur, frú Jónína las upp fyrir okkur og við tókum fram handavinnuna. Einnig er smábókasafn í húsinu og gátum við gripið í bók ef okkur langaði til. Og svo er umræðuefnið óþrjótandi í svona stórum kvennahóp. Þetta var sem sagt dásamlegur tími, engar áhyggjur, ekkert uppvask, matseld, hreingerningar eða önnur hversdagsleg störf. Ég hef búið að þessum hvíldartíma í allan vetur.”

Á áttunda áratugnum var margt orðið breytt og fólk átti mun auðveldara með að komast í sumarfrí en áður. Þá seldi mæðrastyrksnefnd Hlaðgerðarkot. Kaupandi var Samhjálp, deild innan Hvítasunnusafnaðarinnar, og var húsinu þá breytt í heimili fyrir áfengissjúklinga sem vildu hefja nýtt líf eftir að hafa villst af leið dyggðar og góðs lífs. Var hið nýja heimili vígt með viðhöfn árið 1974.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Málverk af séra Bjarna

Síðastliðinn miðvikudag fór fram aðalsafnaðarfundur Lágafellssóknar hér í bænum. Í upphafi fundar kvaddi Bjarki Bjarnason sér hljóðs og afhenti söfnuðinum málverk af föður sínum, séra Bjarna Sigurðssyni. Listaverkið er gefið af aðstandendum séra Bjarna og Aðalbjaragar Guðmundsdóttur til minningar um þau. Bjarni lést árið 1991 en Aðalbjörg um síðustu áramót.

Séra Bjarni var sóknarprestur Mosfellinga 1954-1976 en sneri þá til kennslustarfa við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hann fékk málverkið að gjöf frá sveitunum á fimmtugsafmæli sínu árið 1970. Halldór Pétursson málaði verkið en því verður nú fundinn staður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar.



Aðstandendur séra Bjarna og Aðalbjaragar með séra Jóni Þorsteinssyni í safnaðarheimilinu.

Hlaðin verðlaunum

Fimleikadeild Aftureldingar tók heim 17 verðlaunapeninga af Íslandsmóti í 2.-6. þrepi stúlkna og 1.-3. þrepi drengja sem haldið var í Garðabæ á dögunum. Sjö keppendur frá Aftureldingu kepptu á mótinu og komu þau hlaðin gulli, silfri og bronsi. Þeir sem unnu til verðlauna á Íslandsmóti áskildu sér rétt til þess að keppa á meistaramóti í fimleikum sem haldið var sömu helgi. Þetta er í fyrsta sinn sem Afturelding á keppnislið á meistaramóti í fimleikum.

Arnar Logi Lútersson og Kjartan Elvar Baldvinsson eru fyrstu drengirnir sem keppa fyrir hönd Aftureldingar en þeir unnu báðir til verðlauna á Íslandsmótinu og náðu einnig báðir inn á meistaramótið. Arnar Logi var með hæstu einkunn á meistaramóti í almennum fimleikum 2006 og er því Íslandsmeistari í 1. þrepi drengja.

Afturelding keppti í fjórum þrepum í ár og náði inn á meistaramót í

öllum þrepunum og er það frábær árangur þar sem aðeins 10 keppendur komast inn í hverju þrepi. Þess má geta að samkeppnin er hörð og fjöldi keppenda keppa í hverju þrepi.

Telma Þrastardóttir var með aðra hæstu einkunn á mótinu. Einnig keppti Lára Kristín Pedersen í 3. þrepi en hún varð Íslandsmeistari á meistaramóti í fyrra í 1. þrepi stúlkna. Lára ákvað að hoppa yfir eitt þrep og var hún því með yngstu keppendum í 3. þrepi en hafnaði með glæsibrag í 4. sæti og var önnur inn á meistaramótið. Brynja



Lára, Brynja, Inger, Telma, Kjartan, Lena og Arnar ánægð með árangurinn.

Ragnarsdóttir náði einnig inn á meistaramótið í 2. þrepi, var sú fimmta inn af 10 keppendum og stóð sig með þryði.

Ég er Afturelding!

Ég starfa fyrir Aftureldingu. Af hverju? Jú - félag sem þetta byggir á sjálfbærðum. Ef ekki eru sjálfbærðir - er ekkert félag! Þar að auki finnst mér að mér beri skylda til



„leggja mitt af mörkum“ og aðstoða við það góða forvarnarstarf sem þarna á sér stað. Það skiptir í raun ekki máli hvaða íþróttagrein talað er um - allar hafa þær sitt gildi bæði varðandi líkamlegt atferli, þroska og síðast en ekki síst það umhverfi sem við viljum búa við. Allar rannsóknir benda í sömu átt varðandi íþróttir sem forvarnir. Einnig kemur fram að stuðningur foreldra skiptir mjög miklu máli. Það að foreldrar veiti stuðning, þekki foreldra vinanna og séu sýnilegir auka líkur á að krakkarnir haldi áfram í íþróttum. Það minnkar líkur á notkun vímuefna o.s.frv. Sumir eru til að verða afreksmenn, aðrir til að vera með. Ég trúi að þetta sé góð leið til að skila góðum einstaklinum út í þjóðfélagið.

Þess vegna skil ég ekki - af hverju foreldrar eru svona tregir að taka þátt í þessu starfi. Þeir nenna varla að fylgja krökkunum á leiki til að hvetja þá og sýna stuðning í verki. Hvað þá að taka

þátt í sjálfbæðastarfinu - nema hugsanlega ef þeir fá greitt fyrir það. Hvað er í gangi? Ég starfa í Knattspyrnudeild kvenna - og þar sýnist mér að þegar í Gaggó er komið - þá eru ekki nema um 20% foreldra sem sýna áhuga á starfi barnanna. Og - þegar komið er í 3ja flokk sjást varla foreldrar á leikjum. Og - vitid þið hvað? Þetta er akkúrat viðkvæmasti aldurinn. Þarna þarf stuðninginn!

Svo þetta með þessar eyrnamerkingar - enginn vill orðið lyfta litla fingri nema fá eitthvað fyrir sinn snúð. Í mesta lagi að vinna fyrir sinn flokk. Ég vil benda á að ef það er ekkert LIÐ - þá þarf ekkert að safna neitt. Liðið fyrst - svo þú. Stjórnir deilda reyna að hafa góða þjálfara, sem þurfa sín laun. Æfingagjöld eru ákveðin það hóflega að hægt sé að

stoppa í gatið og fjármagna mismuninn með ýmsum fjáröflunum. Það reynist þó oft erfitt þar sem greiða þarf iðkendum (eyrnamerkingar) fyrir að vinna fyrir félagið (ekki fá stjórnarmenn greitt). Síðan gengur oft mjög erfiðlega að innheimta æfingagjöldin og sumir foreldrar ætlast til þess að þá allt fyrir ekkert. Fría barnapössun, leggja ekkert af mörkum, kvarta undan æfingagjöldum og greiða þau seint og aðstoða ekkert við hin ýmsu verkefni.

Þetta eru hörð orð - og þeir sem kalla þetta ýkjur taka þetta líklega til sín. Betur má ef duga skal! Við verðum að sýna samstöðu og búa til ALVÖRU LIÐ í Aftureldingu. Það gerum við með því að taka þátt. Vera með - en ekki á móti. Ef þú vilt hafa áhrif skaltu mæta á aðalfund deildarinnar og bjóða þig fram þar. Ef þú vilt taka að þér einstaka verkefni skaltu gefa þig fram við stjórnir deilda. Félagið byggir á grasrótinni. Það er þörf fyrir þig!

Tryggvi Þorsteinsson

Kjalarmenn í landsliðinu

Seinni partinn í mars verður haldið golfmót á Spáni og eigum við Mosfellingar þrjá kyflinga í landsliðinu sem þar munu taka þátt í mótinu. Tveir



karlmenn frá Kili eru í liðinu en það eru þeir Heiðar Davíð Bragason og Magnús Lárusson. Þriðji kyflingurinn er Nína Björk Geirsdóttir.

Landsliðið er skipað sex kyflingum og því athyglisvert að Kjölur á helmínginn í landsliðinu sem er frábær árangur. Mosfellingur bendir lesendum að lokum á nýja heimasíðu Kjalar sem er www.gkj.is.

Arnór Sigurðarson í landsliðsúrtaði

Arnór Sigurðarson 15 ára gamall knattspyrnumaður í Aftureldingu var valinn í landsliðsúrtaði U-16 landsliðsins og tekur þátt í æfingum undir stjórn landsliðsþjálfarans, Freys Sverrissonar, nú um helgina. Alls voru um 40 drengir boðaðir á æfingar sem fara fram í Reykjaneshöllinni og Egilshöll. Frá því í sumar hafa átta drengir úr röðum Aftureldingar verið boðaðir á landsliðsæfingar og þykir það frábær árangur.



Naumt tap gegn Breiðablik

Meistaraflokkur Aftureldingar í knattspyrnu tapaði naumlega nú á dögunum fyrir úrvalsdeildarliði Breiðabliks. Þetta var æfingarleikur sem spilaður var í Fífunni og endaði leikurinn 3-2. Markaskorarar Aftureldingar voru þeir Jóhann Björn Valsson og Einar Óli Þorvarðarson. Sama dag tapaði 2. flokkur Aftureldingar fyrir Árborg á gervigrasvelli Fram. Sá leikur endaði 6-2.



Árborg í vil og voru það Siggeir Örn og Steinarr sem skoruðu mörk Aftureldingar.

Strákarnir hafa fengið liðs- auka frá HK. En það er markmaðurinn Beitar Ólafsson. Beitar hefur verið aðalmarkvörður 2. flokks hjá HK undanfarin ár og þá hefur hann einnig verið í unglingalandsliðinu. Beitar kemur til með að styrkja lið Aftureldingar mikið og er mikill fengur fyrir komandi tímabil.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is






Útvarp Einar

Víkuna 6.-12. mars var starfrækt útvarpsstöðin Einar, Fm 106.5, í Bólinu. Þar var unglungum í Varmárskóla og Lágafellsskóla gefið tækifæri á að stýra eigin útvarpsþætti. Þeir sem tóku þátt söfnuðu styrkjum hjá ýmsum fyrirtækjum í Mosfellsbæ og nágrenni. Alls voru sjö þættir á dagskrá, hver öðrum ólíkari. Í einum þættinum voru meðal annars viðtöl við Bubba Morthens, Sögu Beinteins og Rúnar Júlíusson

Þau fyrirtæki sem styrktu útvarpið voru: Pizzabær, Namo, Mosfellsbakarí, Listaskóli Mosfellsbæjar, Bæjardekk, KFC, Birta skartgripaverslun og fiskubúðin Hafrún auk Varmárskóla. Þessum aðilum er þakkaður veittur stuðningur.



Fjórði besti trymbill í heimi

Mosfellingurinn og trommu-leikarinn Björn Stefánsson, betur þekktur sem Bjössí í Mínus, var valinn fjórði besti trommarinn í heiminum í hinu þekktu tónlistarblaði Metal Hammer. Yfir 5000 lesenda blaðsins út um allan heim völdu fimm trommara á listann og sá besti að þeirra mati árið 2005 var Joey Jordis úr hljómsveitinni Slipknot. Á listanum mátti sjá fleiri fræga kappu og þar má nefna Lars Ulrich í Metall-ica og Nicko McBrain úr Iron Maiden. Þetta er mikill heiður fyrir trymbilinn knáa úr Mosó og að eigin sögn var þarna æskudraumur hans að rætast.

10 ára afmæli Sjúkrabjálfunar Mosfellsbæjar

Sonja Riedmann hefur starfrækt sjúkrabjálfunarstofu sína nú í 10 ár og allan tímann hér í bæ. Stofan hefur verið á þremur stöðum í bænum, fyrst í Háholti, svo í Þverholti og nú er Sonja komin með stofuna heim til sín og hefur verið þar síðustu fjögur árin. Stofan er í kjallaranum í húsi hennar í Skeljatanga 20. Sonja er dönsk en kynntist Óðni Pétri Vigfússyni sagnfræðingi og kom með honum til Íslands í kringum 1979. Þau eru gift og eiga saman fjóra syni. Þá er einungis um eitt ár síðan fyrsta barnabarnið kom í heiminn. Sonja er lærður sjúkrabjálfa og stundaði nám í Ár-ósum í Danmörku. Hún hefur einnig verið dugleg að sækja námskeið sem haldin hafa verið á Reykjalundi og á vegum Sjúkrabjálfunarfélagssins. Viðskiptavinir Sonju eru á öllum aldri, sá yngsti sex ára og sá elsti 89


ára gamall. Það hefur ávallt verið nóg að gera hjá henni og starfið gengið afar vel. Sonja notar við hljóðbylgjur, hitabakstur og leysigeisla til þess að laga hina ýmsu kvilla sem hrjá okkur mannfólkið. Til að mynda hefur leysigeislinn reynst vel við meðhöndlun á frunsum þannig að lengri tími líður á milli þess semveirankemurupp. Hljóðbylgjurnar nýtast við að laga bólgu í liðum og við meðhöndlun liðagigtar. Þær aðferðir sem hún er hliðhollust er að hreyfa liðina, hvern fyrir sig og þannig losnar um spennu og vöðvabólgu. Þá er líkamsbeiting mjög mikilvæg og Sonja er dugleg að benda fólki á bestu aðferðirnar til þess að hlífa líkamanum. Mosfellingur óskar Sjúkrabjálfun Mosfellsbæjar innilega



Sonja Riedman fagnar nú 10 ára afmæli sjúkrabjálfunarstofu sinnar.



til hamingju með afmælið. Af tilefninu verður opið hús hjá Sonju í dag frá kl. 16 til 19 og allir eru velkomnir í heimsókn.



Í eldhúsinu hjá Bryndísi

Spennandi fiskréttur

Mosfellingur kíkti í heimsókn til Bryndísa Schram á fallega heimili þeirra hjóna á Krosshóli við Engjaveg.

Mín kynslóð var alin upp á fiski. Við fengum fisk upp á dag hvern, nema á sunnudögum, þegar mamma setti lambasteik í ofninn. Fiskurinn var soðinn, steiktur, svo voru það fiskibollur, plockfiskur, og ég man ekki hvað fleira. Oftast bara brætt smjör og kartöflur með. (Það er að segja, að smjórið var blandað smjörlíki til að spara).

Það var oftast ég, sem fór út í búð til fiskisalans og kom til baka með heila ýsu, sem mamma síðan flakaði eða skar í sundur. Í þessari athöfn var líklega fölginn mesti sparnaðurinn, því að í dag borgum við dýrum dómum fyrir alla þá vinnu, sem mamma skilaði við eldhúsbörðið.

Aldrei held ég, að það hafihvarflað að henni mömmu að sjóða fiskinn í heilu lagi, sem hefði þó verið einfaldast. Það var ekki fyrr en ég fór að þvælast um heiminn, sem ég sá það gert, t.d. í Frakklandi og á Spáni, Suður-Ameríku og víðar.

Ég ætla að kenna ykkur uppskrift að rétti, sem ég kynntist í Bretagne í Norður-Frakklandi, sem er bæði einfaldur og fjótlegur og auk þess fallegur á borði. Með þessum

rétti passa hvorki kartöflur né salat, en hugsanlega væri hægt að bera fram soðin grjón, sem eru saðsöm og fyllandi.

Uppskriftin hljóðar þá svona:

1 kg. fiskur
4 stengur celerí, smátt skornar
2 gulrætur, smátt skornar
2 laukar, niðursneiddir
einn stór fennellaukur, niðursneiddur
2 tómatar, skornir í tvennt hvor
16 bollar vatn
5 bollar hvítvín
1 bolli edik
8 hvítlauksrif, skorin til helminga
2 matskeiðar coriander krydd
2 matskeiðar fennel korn
2 matskeiðar salt
2 teskeiðar svört piparkorn
2 anisstjörnur

Allt er sett í stóran pott. Suðan er látin koma upp, hitinn er minnkaður og ált látið malla í tvær klukkustundir. Bætið kryddi í eftir smekk, en bragðið af fennellauk og ediki eiga að yfgrnæfa annað.



Hellið vökvanum í gegnum sigti í stóran pott, sem rúmar helst heilan fisk (ég á sjálf aflangan pott, 40 sentimetra langan), leggið fiskinn í lögin og sjóðið í 20 mínútur. Gætið þess, að fiskurinn sé á kafi í leginum. Hann er fullsoðinn, þegar kjötið er laust frá beinunum. Takið fiskinn upp úr, leggið hann á fat, og roðflettið. Skreytið með öllu soðna grænmetinu, sem eftir varð ísigtinu. Berið fram strax.

Réttur fyrir 5-6 manns.



Öskudagurinn

... í Mosó verður skrautlegri og skrautlegri með hverju árinu sem líður. Börn og fullorðnir og jafnvel ferfætlingar í furðulegustu gervum spranga um bæinn eins og sjá má á þessum myndum.





Samfés helgin

Helgina 4. til 5. mars var samfés hátíðin haldin hér í Mosó. Okkar upplifun af helginni var virkilega góð og skemmtum við okkur konunglega þrátt fyrir að hafa fengist við störf í sjoppunni. Frá okkar sjónarhorni fór allt nokkuð vel fram og urðu undirritaðir ekki mikið varir við vímuefnanotkun en heyrðum af slíku. Voru fengnir dyraverðir af stærri gerðinni til að henda út svoleiðis vitleysingum. Svo var líka leitað á öllum við innkomu.



Á laugardegnum var söngvarakeppnin og eftir hana tróð upp hin norska stórhljómsveit Wig Wam og tryllti lýðinn. Eftir það voru úrslitin tilkynnt og sigraði félagsmiðstöðin Ekkó í Kópavogi. En við vonum svo sannarlega að á næsta ári verði keppnin hér aftur.



Táningsfræðarinn!!!



Gísli og Helgi

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

P.S. Ég elska konur

Í seinasta blaði skrifaði ég um Slæa-bæjarstjórnina í tilefni að komandi kosningum. Í stjórninni, ásamt undirrituðum, voru nokkrir vel valdir menn. Ég tók það fram í lok pistilsins að engin kona hefði verið meðal þeirra fimm sem ég valdi. Vegna breytinga í próförk og vaxandi tungsl, komst það þannig til skila að ég vildi bara ekkert hafa þær með í dæminu. Jú, þvert á móti. Ég vil koma því til skila að þær eru allar kærkomnar þátttakendur í allri ákvarðanatöku, en það væri bara þægilegra ef þær væru sammála mér.

Mig langaði hins vegar að tala um hluti sem að kæta mig. Ég hef áður talað um vissar týpur sem geta verið óþolandi þegar maður er að skemmta sér. Það er fyrst og fremst fulli leiðinlegi gaurinn í útilegunni. Hann er dóni, reynir við fráteknar konur og verður undantekningarlaust fyrir líkamsmeiðingum. Oftar en ekki fyrr en seinna.

Svo er það flippaði gaurinn sem er jafnvel verri. Hann er með stóran hatt í útilegunni og gítar sem vantar lágmark tvo strengi á. Hann drekkur úr krumpaðri bjórdós og endurtekur í sífellu „Hvahh eriggi verrið að djamma?“ Já ég veit, þetta er fifl.

Svo er það ein týpa í viðbót sem að ég mun nafngreina á eftir. Þannig er mál með vexti að ég var á árshátíð hjá hinu stórbrotna fyrirtæki 365 nú á dögnum. Þetta var gríðarstór

samkoma og margt um manninn. Þá áttaði ég mig á annarri ómissandi týpu, sem að allir kannast við frá árshátíðum þar sem eru fleiri en tveir sem vinna hjá fyrirtækinu. Það er árshátíðardólgurinn. Ó já! Þú veist hvað ég er að tala um. Hann er á öllum árshátíðum. Nema hvað, að ég kann lúmskt að meta árshátíðardólginn, vegna þess að hann er ekki bara fyllibyttaeinsútilegutýurnar. Hann getur verið hvaða randomgaur sem er. Hann er náunginn sem að tekur í skyrtuna þína og snýr upp á hana og krumpar þegar hann er að segja þér sögu sem að þig langaði alls ekkert að heyra til að byrja með. Ég meina hvað er það? Þegar gaurar gera þetta? Taka í fötin hjá þér og toga. Er eitthvað meira óþolandi og með öllu óviðeigandi? Nei, svona að öllu gríni slepptu. Hættu þessu bara! Svo er þetta líka árshátíð og fólk er í sínu allra finasta þussi. Hann er líka gaurinn sem spyr dömurnar hvort að þær hafi ekki bætt á sig. Sko! Það getur hver sem er verið fullur og leiðinlegur og verið



Ásgeir „Slæa“ Jónsson
stillir upp sínum eigin lista
fyrir komandi kosningar
asgeir@mosfellingur.is



það alltaf jafnvel, en það er alltaf þessi random gaur sem lendir í því að skíta upp á bak á árshátíðinni.


En ég kann algjörlega að meta þessa menn. Það stekkur á mig bros þegar ég hugsa til þeirra. Reyndar gaf ég það út við samstarfsfélaga mína að ég ætlaði að verða árshátíðardólgurinn þetta árið, en því miður þá bara þróaðist kvöldið ekki á þá leið... en kannski næst hver veit?

En sæl að sinni og hafið það gott.
Ásgeir „Slæa“ Jónsson

Skopmyndir

Þegar þessi pistill er skrifaður kemst ekkert annað að í fjölmiðlum en þetta skopmyndamál og eru flestir nú þegar búnir að mynda sér skoðun á því. Mér finnst þetta bæði mjög alvarlegt mál og grátbroslegt. Það er ekkert nýtt að fólk sé tilbúið að drepa hvort annað í nafni Guðs eða Allah, við Íslendingar tókum nú upp kristna trú undir ofbeldi og hótunum á sínum tíma og erum löngu búin að gleyma því. Eins og allir vita er allt orðið snarvitaust í Mið-Austurlöndum og búin er að hótta Dönnum og öðrum Skandinövuð dauða ef til þeirra næst. Er það bara mín skoðun eða er ofsatrúarfólk af öllum trúarflokkum snarflocking geðveikt? Bara í mótmælaiðldunni sem fylgdi þessu skopmyndakrassi eru hundruð manna búin að deyja - þælið í því! Fyrir ykkur sem ekki hafið lesið Kóraninn, sem er ágætis lesning (þó enginn Tár, bros og takkaskór eða svoleiðis gullmoli) þá fjallar Kóraninn um blíðu, umburðarlyndi og þess háttar. Þar er hvergi minnst á Jihad eða að þú megir

drepa konuna þína fyrir að vaska ekki upp. Þar er heldur ekki minnst á að það megi ekki teikna myndir af spámanninum, heldur er þetta hefð sem menn tóku upp á 9. öld og hafa menn haldið í hana þangað til að frændur okkar Baunarnir ætluðu sér að vera fyndnir með þessu kroti og krassi. Ég flokkast undir að vera kristinn samt móðgast ég ekki þegar ég sé skopmyndir af Jesú eða Guði, ég hef jafnvel séð af þeim skopmynd þar sem þeir eru ef til vill búnir að fá sér of mikið neðan í því og þeim er frekar of VEL til vana.



Kannski snýst þetta um skopskyn enda eru þetta kallaðar skopmyndir. Eru múslimar ekki með hómur fyrir svona krassi? Sigmund hjá Mogganum er búinn að vera með skopmyndir af fólk og hlutum líðandi stundar í mörg ár og enn hefur enginn af þeim séð það sem ástæðu til þess að hefja fjöldamótmæli

og hótta morðum. Margir múslimar móðguðust af þessu og þá áttu þeir að segja: „Skamm, skamm þið gerið ekki svona, það er ljótt að stríða“. Þá eiga teiknarnir að biðjast afsökunar, segja af sér, eða hvað sem er til að lægja öldurnar.

Fyrir mjög fámennan en mjög sýnilegan hóp heittrúaðra og ofbeldisfullra „Nuttcaseara“ var þetta alger himnasending því nú loksins var komin góð og gild ástæða fyrir þá að fara út og mótmæla, henda bensínsprengjum og haga sér eins og vitleysingar. Enda saurga þeir ímynd þeirra múslima sem vilja bara hafa það næs og nenna ekki að standa í fánabrennum og þessháttar.

Í tilefni þessa pistils ákvað ég að teikna listaverk. EKKI skopmynd heldur listaverk svo það sé á hreinu enda er ekki hómur fyrir svoleiðis myndum, þessi mynd er meira svona respect til Múhammeds gamla. Það má þó enginn móðgast eða missa sig þó svo að Ólaprik-tæknin mín sé ekki uppá marga fiska...



HÖGNI SNÆR
skrifar um skopmyndir



ÞETTA VAR LOKANÖGGIÐ. TÝRINGDUR LVFTI HANNTINN
YFIR HÚFUD SÉR OG SAFNAÐI SAMAN ALLRI ÞEIRRI
ÖRÐU SEN HANN GAT FUNDIÐ
OG LOKS...




Besti tími í heimi

Jæja, hvað segiði nú gott elsku títarnir mínir. Ég er eitthvað svo hamingjusamur þessa dagana, uppfullur lífsgleði og lífsorku. Við bara verðum aðeins að ræða þetta vor sem er að hellast hérna yfir landið. Þetta er skuggalegt. Það er komið svo mikið vor í þöngsann á mér að hann er að springa. Allir krakkarnir úti að leika, maður hleypur um hverfið og smala saman í einakrónu. Allir hittast niðri á velli og fara í fótbolta, körfu eða jafnvel hafnarbolta, klæddir stuttbuxunum einum. Jess maður, þetta er yndislegt. Þetta eru forrétindi. Og þeir sem eru núna heima hjá sér í tölvunni ættu að skammast sín. Þó það hafi snjóað soldið núna um helgina hef ég enga trú á öðru en að það sé að koma sumar. Ohh, ég get ekki beðið.

Sumarið er besti tími í heimi, maður fer í útilegur með vinunum, grillar, fer að veiða, fer á hestbak, fer til útlanda með fjölskyldu eða vinum og í rauninni hvað sem manni dettur í hug. Mig klæjar bara í fingurna við að skrifa þetta. Og það sem er ekki verra er að skólinn er líka að verða búinn sem er bara snilld, maður er

orðin frekar þreyttur á öllu þessu skólastandi alla daga. En haldiði að kallinn sé ekki bara á leiðinni til Chinamonger/Kína í páskafríinu, HA!!!! Hvað finnst ykkur um það?!!! Það verður rosalegt, það er bara öll stórfjölskyldan að fara. Það er tvennt sem ég þarf að gera þar og það er annarsvegur að skokka allan Kínamúrinn og hinsvegur að láta lítinn gulan kall sauma á mig jakkaföt. Þeir eru ruglaðir í Kína, þeir sauma bara fínustu jakkaföt úr silki



og bómull, sem á að vera finasta efnið í bransanum, þau kosta kannski 5000 kjell síðan opna þeir bara rekka með öllum helstu merkjunum, Boss, Armani og allt þetta og þú velur bara hvaða merki þú vilt. Very clever yes. En þangað til næst ...\$%!"@#

Þrándur



TVÍFARAR • PÆLINGAR



Gunni Guðjóns og Fester



MOSEFELLINGUR mælir með...

...Gönguferð í gegnum Reykjalundarskóginn kl 5:30 að morgni. Vorið er að koma, það er nokkuð ljóst.



Pizza mánaðarins



SALVA
Skinka, pepperone, sveppir, laukur og gráðastur fyrir þá sem þora

Óskum eftir hressu starfsfólki!
Umsóknareyðublöð á staðnum



SÍMI
566 8555

PIZZABÆR - ÞVERHOLT 2 - KJARNA

Spurning til bæjarbúa

Hverjum sendirðu síðast SMS og hvað stóð í því?

Óðinn



Guðnýju vinkonu minni, ég sagði luv.

Hafðís



Sendi vinkonu minni og spurði hvort hún væri veik.

Íris



Hafðísi vinkonu minni og spurði hana hvort hún vildi koma í bíó.

Guðjón



Það virkar ekki hjá mér. Hef fengið nokkur en get ekki sent SMS.

Rafn



Sendi í vinnuna, að strákurinn minn væri veikur.

Guðmundur



Ég nota ekki SMS. Ég kann ekkert á það!

HVERJUM SENDIRÐU SÍÐAST SMS OG HVAÐ STÓÐ Í ÞVI?



Dauðinn og munkurinn



Elvis á lífi???



Sexi devil!



Sveitti sveinki




Tóti og frú




Mínus+Thug=LUV



Prelli, Tóti trúður og Hunter



Halló kislóður! GRRHH!!



Hvað er þetta með tunguna?



Prinsessan og Kisan



Falleg bros hjá þessum!



Tveir gamlir félagar



Glens og gaman



Siggí að ná sér í nunnu



HHAA??!



Slíssssssss



Bræðurnir Bjarni og Gummi með séra Jóni á aðalfundi sóknarnefndar



Mohamed Danz



Flotta norn



Sjálfmynd




Glæðlegir unglingar



Glansgaur



Pimp ársins og Dolli Hitler



Hey kanína!



Biggi og Rannsa með þollur



Kokkarnir í Hálsaskógi



Sívía Night



Snókermeistararnir



MATTI, ÁSA

ÞÓREY OG SIGGEIR

Á BESTA ALDRI Í ÍPRÓTTAHÚSINU

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ

Hársnyrtistofan Belló
Háholti 14.
Sími: 586 - 8989.

Bylgja Matthíasdóttir Lcph
Hómópati homopati@hive.is
www.lifslind.is S:586-8883

Innrömmun ESS
Þverholti 5.
Opið 12 - 18 virka daga
Sími: 566 - 7625

Bílapartar ehf.
Grænumýri 3 - Sími 587-7659
bilapartar@bilapartar.is
www.bilapartar.is

Bæjardekk
Langatanga 1a.
Sími: 566 - 8188.

Saumastofa Jónu - Háholti 14.
Gluggatjaldaviðgerðir
og breytingar. Sími: 565 - 9222.



TAKIÐ FRÁ 8. APRÍL

www.laxnes.is



Alltaf góð tilboð



Opið

allan sólarhringinn



Breytt staðsetning á grenndargámum



Frá og með 1. mars verða grenndargámur, þar sem hægt er að losa sig við dagblöð, tímarit, fernur og pakkaumbúðir t.d. af morgunkorni staðsettir á þrem stöðum í Mosfellsbæ:

Á lóð Olís við Langatanga
Á lóð Nóatúns við Þverholt
Á stórbílastæði við Dælustöðvarveg.

Ekki verður lengur gámur við Hulduberg eða á gatnamótum Langatanga og Skeiðholts.

Gámarnir eru merktir með tilliti til þess hvað megi fara í þá.

Tækni- og umhverfissvið.





**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GLERTÆKNI ehf.



Völuteigur 3
Sími: 566 8888



Vorboðarnir eignast fána



Kór eldri borgara fékk nú á dögunum afhentan fána til eignar. Það var gamall félagi úr kórnum, Jón Vigfússon sem gaf þessa höfðinglegu gjöf. María S. Gísladóttir formaður Vorboðanna veitti fánanum viðtöku við hátíðlega athöfn í Lágafellskirkju. Kórinn á 17 ára afmæli um þessar mundir og hafa þau nóg fyrir stafni eins og endranær.

Ljós. Hilmor



Sumarhús við Hraunborgir

Nýkomlið í sölu mjög skemmtilegt 39 fm. sumarhús í Hraunborgum í Grímsnesi. Stór sólpallur umhverfis húsið auk kaldrar útgeymslu. Ráfmagn og hitaveita. Svefnloft. Mjög falleg staðsetning. Lóðin er afar gróin tré og runnar. Fallegt útsýni til suðurs. Laus strax. V. 8,4 m.



Leirutangi. Laus strax.

Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér garði við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útengt í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eihús með góðri eihúsinnettingu. Borðkrókur. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. V. 17,8 m.



Bergholt.

Nýtt í sölu. Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þökkur. V. 37,8 m.



Þorláksgæisli. m. bílskúr.

Nýtt í sölu. Glæsileg 83,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 26 fm. bílskúrs. Samtals 109 fm. Sér inngangur. Frábær hönnun og frágangur. Eikarparket og innréttingar úr Maghony. Töhu- og simalagnir í herbergjum. Sér þvottahús. Stór anddyri sem er lokað af frá íbúð. Flísar á anddyri og þvottahúsi. Falleg lóð. Góð staðsetning í úrjaðri byggð. V. 22,9 m.



Sími:
588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Neðstaleiti

Nýkominn í sölu mjög falleg og smekkdaga hönnuð 106 fm. íbúð á 2. hæð í enda auk staðs í bílagæymsluhúsi við Neðstaleiti. 3 góð herbergi. Sér þvottahús í íbúð. Björt og rúmgóð stofa með úrgegngi á svalir í suður. Fallegt og gróð umhverfi. V. 28,3 m.



Þórðarsveigur

Ný í sölu. Glæsileg 3ja. herb. 84,5 fm. íbúð á 2. hæð með staði í lokaðri bílagæymslu. Vönduð götufni. Náttúruflísar og eikarparket. Flottir skápar með rennihurðum. Baðherbergi flísalað. Vönduð bygging með góðri sameign. Lyfta. Sér inngangur. V. 20,9 m.



Háteigsvegur

Ný í sölu. Vorum að fá í sölu mjög áhugaverða 122 fm. neðri sérhæð við Háteigsveg. Nýtt gler og gluggar. Öll gólf eru nýlega flötud. Ný eihúsinnetting. Björt og rúmgóð stofa. Stór borðstofa. Mjög falleg eign. Stór og gróskumikill bakgarður. Þetta er einkar vel staðsett eign í hjarta borgarinnar. V. 31,0 m

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is